

Leiðbeiningar fyrir leiðsögumenn vegna COVID-19

Leiðsögumaðurinn þarf að hafa eftirfarandi í huga:

- Gera ráð fyrir að hann geti mögulega verið útsettur fyrir smiti við að umgangast ferðamenn og honum ber að gera allt sem hann getur til að verja sig og ferðamannahóp sinn fyrir mögulegu smiti.
- Kynna sér reglur um smitgát og hvetja farþega til að huga að valkvæðum 2 metra nándarmörkum ásamt því að minna farþega á einstaklingsbundnar sýkingavarnir.
- Leiðsögumaður þarf að geta aðstoðað ferðamenn við að fá niðurstöður úr landamæraskimun ef niðurstöður berast ekki á réttum tíma.
 - Leiðsögumaður getur aðstoðað ferðamenn við að hlaða niður appinu Rakning C19ef ferðamaðurinn er ekki þegar búinn að því.
 - Ferðamanninum á að berast svar í Rakning C-19 appið eða með sms-skilaboðum. Ef sýni reynist jákvætt er haft samband með símtali
 - Ef ferðamaðurinn hefur ekki fengið niðurstöður út sýnatöku eftir 24 klst getur hann sent fyrirspurn á testc19@landlaeknir.is
- Kynna ferðamönnum árangur Íslands við að takmarka útbreðslu Covid-19 og fylgja því eftir með kynningu á einstaklingsbundnum sýkingavörnum s.s.
 - Þvo hendur reglulega [með vatni og sápu](#), minnst 20 sekúndur í hvert skipti.
 - Ef vatn og sápa eru utan seilingar er gott að nota handspritt, til dæmis þegar greiðslukort hefur verið notað eða komið við fleti sem margir snerta, svo sem hurðarhúna. Á vef landlæknis eru [góðar upplýsingar](#) um hvernig gæta má varúðar gegn sýkingum.
 - Við hósta og hnerra ber að byrgja munn og nef með bréfpurrku eða nota olnbogabótina. Ekki hósta eða hnerra á aðra.
 - Takmarkaðu nán samskipti við annað fólk, t.d. handabönd og faðmlög. Finndu aðrar leiðir til þess að heilsa sem ekki fela í sér snertingu.
 - Reyndu að bera ekki hendur upp að andlitinu, sérstaklega augum, nefi og munni.
 - Þrífðu oftár fleti sem eru mikið notaðir.
- Vísa á www.covid.is til að nálgast frekari upplýsingar.

Ef upp kemur grunur um smit:

- Tryggja að smitaður einstaklingur setji upp hlífðargrímu.
- Einangra smitaðan einstakling frá öðrum gestum í hópnum eftir bestu getu, t.d. með að setja smitaðan einstakling í fremstu sætaröð rútu. Hringja í heilsugæsluna/læknavaktina í síma 1700 og óska eftir nánari leiðbeiningum..
 - Starfsmaður heilsugæslunnar/Læknavaktarinnar tekur ákvarðanir varðandi næstu skref.
 - Smitrakningarteymi tekur ákvörðun varðandi mögulega sóttkví leiðsögumanns og annarra gesta.
- Skrá upplýsingar um þá sem eru með í ferðinni og ferðaplan til að auðvelda rakningarteymi að rekja smit.